

ekið of hratt, eins og á stóð, yfir hæðina, sem byrgði útsýn hans fram á veginn. Það hefur því brostið mjög á nauðsynlega aðgæzlu hjá ákærða.

Með þessum akstri sínum, og þar sem meiðsli hinna slösuðu reyndust eins alvarleg og raun bar vitni, hefur ákærði brotið gegn þeim öðrum lagagreinum, sem í ákæruskjali getur.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og samkvæmt 219. gr. sömu laga, 38. gr. bifreiðalaga, 14. gr. umferðarlaga og 44. gr. lögreglusamþykktar fyrir Gullbringusýslu nr. 160 frá 1943, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þorsteinssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 600.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Einar Kárasen, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þorsteinssonar hdl., að upphæð kr. 600.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. janúar 1953.

Nr. 30/1950. **Ákærvaldið** (Einar Arnórsson)

gegn

**Jónasi Þorbergssyni** (Lárus Jóhannesson)

og

**Jóni Alexanderssyni** (Ólafur Þorgrímsson).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Sýkna af ákæru um brot á lögum um iðju og iðnað og lögum um iðnaðarnám.

#### Dómur Hæstaréttar.

Ákærðu í máli þessu er gefið það að sök, að þeir láti menn starfa á Viðgerðarstofu Ríkisútvarpsins, sem ekki hafa hlotið þá iðnmenntun og þau starfsréttindi, sem greinir í lögum nr.

100/1938 um iðnaðarnám, sbr. nú lög 46/1949, lögum nr. 18/1927, sbr. lög nr. 105/1936, og reglugerð nr. 100/1942. Ákærðu telja framangreind lagaákvæði ekki gilda um útvarpsvirkja, nám þeirra og starfa, heldur taki ákvæði laga nr. 30/1941 um fjarskipti til þeirra svo og reglugerð nr. 70/1942 og reglur nr. 140/1942, sem sett eru með tilvísun til laga þessara.

Samkvæmt reglugerð nr. 87/1928 um iðnaðarnám, sem sett var eftir lögum nr. 11/1927, var venjulegs iðnaðarnáms krafizt af útvarpsvirkjum. Eftir að lög nr. 100/1938 höfðu verið í gildi um tíma, var sett reglugerð nr. 38 29. marz 1941. Eru útvarpsvirkjar þar ekki taldir meðal þeirra, sem ganga þurfa undir iðnaðarnám. Þessari reglugerð var aftur breytt með reglugerð nr. 100 3. júlí 1942. Er útvarpsvirkjun í þessari reglugerð af nýju talin iðngrein og útvarpsvirkjum gert að sæta iðnfræðslu og ganga undir iðnpróf.

Í 2. tl. 2. gr. laga nr. 30/1941 um fjarskipti er íslenzka ríkinu veittur einkaréttur til að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki. Samkvæmt 10. gr. laganna skal póst- og símamálastjórnin hafa á hendi framkvæmd á einkarétti ríkisins, þó að fráskilinni m. a. framkvæmd þeirra mála, sem Ríkisútvarpinu eru falin með sérstökum lögum. Með tilvísun til 12. gr. laganna setti póst- og símamálaráðherra síðar reglugerð nr. 70/1942. Með 3. gr. reglugerðarinnar er þeim, sem starfa vilja að framkvæmdum, er ber undir einkarétt ríkisins, bent á að snúa sér um það til póst- og símamálastjórnarinnar. Í 4. gr. segir, að póst- og símamálastjórnin muni síðar setja nánari reglur um fjarskiptavirki, rekstur þeirra, uppsetningu og viðhald, eftirlit með þeim og annað, er þar að lýtur. Með reglum nr. 140/1942 er síðan þeim, er fást vilja við viðgerðir á viðtækjum útvarps, gert með nokkrum undantekningum að afla sér leyfis póst- og símamálastjórnarinnar. Störf, framkvæmd í umboði Ríkisútvarpsins, eru þó undanþegin slíku leyfi. Í 2. gr. reglnanna er og kveðið á um próf þeirra, sem sækja um leyfisbréf til starfans.

Af ákvæðum fjarskiptalaga nr. 30/1941 um einkarétt ríkis-

ins, þeim, sem rakin voru, verður eigi ályktað, að útvarpsvirkjun skuli ekki teljast iðngrein eða teljast iðngrein, undanþegin ákvæðum laga nr. 18/1927 og laga nr. 100/1938 um iðnaðarnám, sbr. nú lög nr. 46/1949. Einkaréttur ríkisins samkvæmt lögum nr. 30/1941 helzt og, hvort sem útvarpsvirkjun telst iðngrein samkvæmt iðnnámslögum eða ekki. Ákvæði 2. gr. reglna nr. 140/1942, sem undanþiggja útvarpsvirkja iðnnámsreglum laga nr. 100/1938 og nú laga nr. 46, 1949, verða því ekki reist á lögum nr. 30/1941. Atvinnumálaráðherra hefur með reglugerð nr. 100/1942 látið svo mælt, að útvarpsvirkjun skuli talin ein grein iðnaðar, og sett reglur um próf útvarpsvirkja, sbr. nú reglugerð nr. 130/1952. Er því athugaefni, hvort þess konar sérnám þurfi til útvarpsvirkjunar, að ráðherrann hafi haft nægilega heimild til að setja reglugerðarákvæði þetta samkvæmt 13. gr. laga nr. 18/1927, sbr. 1. gr. laga nr. 105/1936. Nú hafa tveir dómkvaddir rafmagnsverkfræðingar komið að þeirri niðurstöðu, að útvarpsvirkjun sé iðnaður, en álit þeirra hefur sætt ýtarlegri gagnrýni af hendi yfirverkfræðings útvarpsins. Gagnrýnin hefur ekki verið borin undir hina dómkvöddu verkfræðinga. Þá hefur héraðsdómari ekki, þótt ástæða væri til, kvatt sérfróða menn til dómsetu samkvæmt 5. gr. laga nr. 27/1951. Eru því ekki fram komnar nægilega glöggvar skýrslur til úrlausnar þessu atriði.

En horf hinna ákærðu til málsins er þetta: Póst- og síma-  
málastjórnin setti, svo sem áður segir, með 4. gr. reglugerðar nr. 70/1942 og reglum nr. 140/1942 ákvæði um prófskilyrði þeirra manna, sem öðlast vilja rétt til útvarpsvirkjunar. Ákærðu töldu sér ekki annað fært en að fara að þessum reglum, og menntamálaráðherra, er Ríkisútvarpið ber undir, veitti ákærða Jónasi ekki andstæð fyrirmæli, þegar Jónas bar undir hann þá tilhögun, sem viðgengist hafði um málið í rekstri Ríkisútvarpsins og ákærðu eru saksóttir fyrir. Þegar á þetta er litið, verður ekki séð, að ákærðu verði nokkuð lagt til ámælis um framkvæmd þessara mála, þótt skilningur þeirra á lögum fái ekki að öllu staðizt, og brestur því algerlega huglæg skilyrði til að refsa þeim fyrir athafnir þær, sem þeir eru saksóttir fyrir. Ber því að sýkna þá af kröfum

ákæruvaldsins í málinu og staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 1200.00, og málflutningslaun skipaðra verjenda hinna ákærðu, kr. 1000.00 til hvors.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Einars Arnórssonar, kr. 1200.00, og málflutningslaun skipaðra verjenda hinna ákærðu, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 1000.00 til hvors.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. jan. 1952.

Ár 1952, þriðjudaginn 29. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, er haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómsara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 139—140/1952: Ákæruvaldið gegn Jónasi Þorbergssyni og Jóni Alexanderssyni, sem tekið var til dóms 22. þ. m.

Mál þetta er höfðað gegn Jónasi Þorbergssyni útvarpsstjóra, Ásvalla götu 1 og Jóni Alexanderssyni, forstöðumanni Viðgerðarstofu Ríkisútvarpsins, til heimilis Víðimel 39 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um iðju og iðnað nr. 18 31. maí 1927, sbr. lög nr. 105 23. júní 1936 og lögum um iðnnám nr. 100 11. júní 1938.

Ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Jónas, sem fæddur er 22. janúar 1885, hefur sætt þessum kærnum og refsingum:

Í Reykjavík:

1949 18/1 Dómur lögregluréttar: Sýknaður af ákæru fyrir brot gegn lögum nr. 18/1927 og lögum nr. 100/1938. (Vísað heim til nýrrar meðferðar með hæstaréttardómi.)

1951 7/5 Dómur: 3000 kr. sekt fyrir brot gegn 128. gr. hegningarlaganna. Ákærði Jón, sem fæddur er 23. febrúar 1900, hefur sætt þessum kærnum og refsingum:

1949 18/1 Reykjavík. Dómur lögregluréttar. Sýknaður af kærnum fyrir brot gegn lögum nr. 18 1927 og lögum nr. 100 1938.

1949 16/6 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru sem hér segir:

Eftir stofnun Ríkisútvarpsins árið 1930 var í sambandi við það stofnuð viðgerðarstofa til að gera við útvarpsviðtæki. Hefur viðgerðarstofan síðan verið rekin sem ein deild Ríkisútvarpsins, og er forstöðumaður hennar ákærði Jón Alexandersson. Mörg undanfarin ár hefur staðið deila milli starfsmanna viðgerðarstofunnar annars vegar og yfirstjórnar Ríkisútvarpsins hinsvegar um kjör og réttindi starfsmanna á Viðgerðarstofunni. Starfsmennirnir krefjast þess, að þeir séu haldnir sem iðnnemar samkvæmt lögum nr. 100 11. júní 1938 um iðnnám og reglugerðum settum samkvæmt þeim, gerðir við þá námssamningar og menntun þeirra hagað í samræmi við iðnnámslög og að þeir að námi loknu öðlist réttindi sem aðrir iðnaðarmenn. Þetta hefur yfirstjórn Ríkisútvarpsins ekki viljað fallast á og telur hún útvarpsviðgerðir ekki vera handið, enda gildi sérreglur um starfsemi þessa í fjarskiptalögum nr. 30 27. júní 1941 og reglum settum samkvæmt þeim.

Er það og fullupplýst í máli þessu, að um námstilhögun og starfsemi starfsmanna Viðgerðarstofunnar hefur að engu verið farið eftir lögum um iðnnám. Verður nú athugað nánar, hvort það fyrirkomulag fari í bága við ákvæði þau, er í málshöfðunarskipun greinir.

Af hálfu forstöðumanna Ríkisútvarpsins er því haldið fram, að útvarpsvirkjun sé ekki þess konar starfsgrein, að teljast megi til handiðna, heldur sé hún fræðilegt starf, sem unnið sé í öllum löndum af verkfræðingum, iðnfræðingum og ýmsum öðrum mönnum, sem fengið hafi meiri eða minni bóklega menntun í radiotækni, og hvergi talið til handiðna. Sjónarmið útvarpsvirkja er hinsvegar það, að starf þetta sé í eðli sínu handiðnaður og beri því að haga menntun útvarpsvirkja í samræmi við iðnnámslög.

Verkfræðingarnir Eðvarð Árnason og Stefán Bjarnason voru dómkvaddir til að láta uppi álit sitt á því, hvort eðlilegt væri, að útvarpsvirkjun skuli talin til handiðnaðar. Það er niðurstaða álitsgerðar þeirra, að útvarpsvirkjun sé þess eðlis, að hún geti talizt handiðnaður. Starf útvarpsvirkja sé þess háttar, að þeir vinni mest með handverkfærum og sérnám þeirra þurfi að vera bæði verklegt og fræðilegt og starfið sé að mörgu leyti sambærilegt starfi rafvirkja, enda talin ein grein rafvirkjunar. Þeir láta þó í ljós, að nám þeirra iðnnema, er leggja stund á rafmagnsiðn, þurfi að vera meira fræðilegt en nú tíðkast.

Verður nú að rekja, hver lagaákvæði hafi gilt um starfsemi útvarpsviðgerðarmanna hér.

Með reglugerð nr. 87 31. des. 1928 um iðnnám eru útvarpsvirkjar taldir meðal iðnnemenda og reglur settar um prófskilyrði þeirra. Starfsemi þessi var þá í byrjun hér á landi og mun aldrei hafa tíðkast hér, að sá háttur kæmist á, að útvarpsvirkjar væru menntaðir sem iðnaðarmenn. Eins og fyrr greinir, tók Viðgerðarstofa útvarpsins til starfa eftir stofnun Ríkisútvarpsins, og þeir, sem starfað hafa þar, hafa aldrei verið haldnir sem iðnnemar. Með nýrri reglugerð um iðnaðarnám, settri hinn 29. marz 1941 (nr. 38) með heimild í lögum nr. 100/1938, er felld niður ákvæði reglugerðarinnar frá 1928 um útvarpsvirkja. Nokkru síðar, hinn 27. júní 1941, tóku gildi fjarskiptalög (nr. 30/1941), og í 2. tl. 2. gr. þeirra laga er svo sagt,

að ríkið hafi einkarétt á að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki, og með 10. gr. er póst- og símamálastjórninni falin framkvæmd einkaréttar þessa, en þó m. a. undanskilin framkvæmd þeirra mála, sem Ríkisútvarpinu er falin með sérstökum lögum. Samkvæmt 12. gr. þessara laga var hinn 9. maí 1942 sett reglugerð um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála (nr. 70/1942). Í 1. gr. hennar eru tekin upp ákvæði 2. gr. laga nr. 30/1941 um einkarétt ríkisins varðandi fjarskiptavirki og í 3. gr. reglugerðarinnar segir, að óski einstakir menn, félög eða stofnanir leyfis til framkvæmda, er heyra undir einkarétt ríkisins, skuli sótt um leyfi til þess til póst- og símamálastjórnarinnar. Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 70/1942 er svo hinn 15. júlí 1942 settar reglur af póst- og símamálastjórninni um viðgerðir útvarps- og loftskjæviðtækja. Samkvæmt þeim skal þurfa leyfi póst- og símamálastjórnarinnar til að fást við viðgerðir útvarpsviðtækja o. þ. h. Þetta nær því eigi til starfa, sem framkvæmd eru í umboði Landssímans eða Ríkisútvarpsins. Ennfremur eru settar reglur um próf þeirra, er leyfis beiðast, og reglur um leyfisbréf til viðgerða á viðtækjum.

Nokkru áður en síðastnefndar reglur voru settar eða hinn 3. júlí 1942 var reglugerð sett um breyting á iðnnámsreglugerðinni frá 1941 (reglugerð nr. 100/1942). Samkvæmt henni er útvarpsvirkjun á ný talin iðngrein og reglur settar um prófskilyrði útvarpsvirkja.

Þegar athugaðar eru reglur fjarskiptalaga og reglugerða samkvæmt þeim, er ljóst, að við setningu þeirra er eigi gert ráð fyrir, að útvarpsvirkjun sé iðngrein, og þykja reglur þessar ósamrýmanlegar því, að svo sé. Reglugerð nr. 70/1942 gerir ráð fyrir, að ákvörðun um hæfni manna til viðtækjaviðgerða sé algerlega í höndum póst- og símamálastjórnarinnar, en Landssíma og Ríkisútvarpi jafnframt heimilað að fást við slíka starfsemi. Hinn 22. des. 1950 höfðu 25 menn fengið 1. fl. leyfisbréf til viðgerða á útvarps- og loftskjæviðtækjum, útgefin af póst- og símamálastjórninni.

Að áliti dómsins verður að telja, að gildandi reglur um starfsemi útvarpsviðgerðarmanna sé að finna í lögum nr. 30/1941 og reglugerðum, settum samkvæmt þeim. Ákvæði reglugerðar nr. 100/1942 um útvarpsvirkja getur ekki afnumið reglur í eldri lögum og reglugerð. Breytir það engu í þessu efni, þótt talið yrði eðlilegt, að útvarpsvirkjun yrði talin til handiðna. Til þess að svo yrði, þyrfti að setja gild ákvæði, er afnumið gætu eldra fyrirkomulag á þessum málum. Og samkvæmt framansögðu er það álit dómsins, að reglur fjarskiptalaga og reglugerðar um útvarpsvirkjun séu ósamræmanlegar ákvæðum iðnnámslaga og reglugerða. Þótt það sé nú upplýst, að háttur sá, sem hinir ákærðu hafa haft á ráðningu og menntun starfsmanna sinna, séu ekki í samræmi við iðnnámslöggjöf, verður eigi að síður að sýkna þá af ákærum á þeim grundvelli, að niðurlagsákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 100/1942 sé ógilt, og að útvarpsvirkjun sé því ekki samkvæmt gildandi reglum handiðnaður, er hlíta skuli reglum laga um iðnað og iðnnám.

Allan kostnað sakarinnar ber ríkissjóði að greiða, þ. á m. málsvarnar-

laun verjenda hinna ákærðu, hæstaréttarlögmennanna Lárusar Jóhannessonar og Ólafs Þorgrímssonar, 250 krónur til hvors.

Í málinu hefur áður verið gerð grein fyrir drætti þeim, sem á því hefur orðið.

#### Dómsorð:

Ákærðu, Jónas Þorbergsson og Jón Alexandersson, skulu vera sýknir af ákærum í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda hinna ákærðu, hæstaréttarlögmennanna Lárusar Jóhannessonar og Ólafs Þorgrímssonar, 250 krónur til hvors.

Mánudaginn 19. janúar 1953.

Nr. 94/1952. **Ákærvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)  
gegn

**Guðmundi Guðmundssyni**  
(Guttormur Erlendsson).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.**

Brot á lögum um iðju og iðnað.

#### Dómur Hæstaréttar.

Húsgagnagerð í trésmiðju ákærða er með þeim hætti, að unnið er samtímis að smíði mikils fjölda húsgagna af sömu tegund. Er mestur hluti smíðarinnar framkvæmdur með vélum. Verkaskipting er mikil með starfsmönnum ákærða. Vinnur hver starfsmaður aðeins lítinn hluta af smíði hvers húsgagns, og stendur vinna flestra þeirra í sambandi við véla-notkun. Þessir framleiðsluhættir þykja falla í höfuðatriðum undir ákvæði um iðju í I. kafla laga nr. 18/1927. Sumir þættir húsgagnagerðarinnar eru þó lítt eða ekki unnir með vélum. Þannig er háttað störfum þeirra Júlíusar Guðmundssonar, Jóns Jóhannssonar, Harðar Ólasonar, Sigurðar Ingvars Jónssonar og Guðjóns Magnússonar. Er störfum þeirra lýst í hinum áfrýjaða dómi, og er ekkert í ljós komið, er hrindi því áliti héraðsdóms, þar sem tveir sérfróðir menn áttu sæti, að